

Fundargerð

7. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudaginn 17. febrúar 2020, sem er Skype fundur að þessu sinni.

Boðaðir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Kristín Jóhannsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (mætti ekki)
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ólafur Páll Vignisson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Eva Björk Harðardóttir – áheyrnarfulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

- Breytingar á samþykktum MSS

Breytingar á samþykktum MSS

Stjórn leggur til breytingar á samþykktum í kjölfar spurninga sem bárust í kringum síðasta aðalfund.

Núverandi 5. grein samþykta MSS:

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 6.000.000, sem er framlag stofnenda félagsins og skiptist þannig:
Ferðamálasamtök Suðurlands kt. 540483-0359 2.000.000.-
Atvinnuþróunarfélag Suðurlands kt. 580281-0369 2.000.000.-
Markaðsstofa Suðurlands ehf. kt. 501105-2600 1.000.000.-
Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu kt. 430694-2869 1.000.000.-

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.
Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Tillaga að breytingu á 5. grein samþykta MSS:

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 6.000.000, sem er framlag stofnenda félagsins og skiptist þannig:
Ferðamálasamtök Suðurlands kt. 540483-0359 2.000.000.-
Atvinnuþróunarfélag Suðurlands kt. 580281-0369 2.000.000.- (Samband sunnlenskra sveitarfélaga)
Markaðsstofa Suðurlands ehf. kt. 501105-2600 1.000.000.- (Visit South Iceland)
Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu kt. 430694-2869 1.000.000.-

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Núverandi 7. grein samþykkt MSS:

Stjórn Markaðsstofunnar skal skipuð sex mönnum og fjórum til vara til eins árs í senn með eftirfarandi hætti: Tveir stjórnarmenn og einn til vara skulu kosnir á aðalfundi Markaðsstofu Suðurlands ses. fyrir hönd Ferðamálasamtaka Suðurlands, tveir stjórnarmenn og einn til vara skulu tilnefndir af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, einn stjórnarmaður og einn til vara tilnefndir af Visit South Iceland ehf. og einn stjórnarmaður og einn til vara tilnefndir af Ferðamálafélagi Austur Skaftafellssýslu. Á aðalfundi eiga öll aðildarfyrirtæki Markaðsstofunnar eitt atkvæði hvert og geta því kosið tvo stjórnarmenn og einn til vara fyrir hönd Ferðamálasamtaka Suðurlands.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og velur hún sér formann, varaformann, ritara og gjaldkera.

Stjórnin stýrir öllum málefnum Markaðsstofunnar og kemur fram út á við fyrir hennar hönd.

Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúru umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tók á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Falli atkvæði á jöfnu við afgreiðslu stjórnar skal atkvæði formanns ráða.

Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Tillaga að breytingu á 7. grein samþykkt MSS:

Stjórn Markaðsstofunnar skal skipuð sex mönnum og fjórum til vara til eins árs í senn með eftirfarandi hætti: Tveir stjórnarmenn og tveir til vara skulu kosnir á aðalfundi Markaðsstofu Suðurlands ses. fyrir hönd Ferðamálasamtaka Suðurlands, tveir stjórnarmenn og tveir til vara skulu tilnefndir af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, einn stjórnarmaður og einn til vara tilnefndir af Visit South Iceland ehf. og einn stjórnarmaður og einn til vara tilnefndir af Ferðamálafélagi Austur Skaftafellssýslu.

Á aðalfundi eiga öll aðildarfyrirtæki Markaðsstofunnar eitt atkvæði hvert (kennitala greiðanda gildir) og geta því kosið tvo stjórnarmenn og tvo til vara fyrir hönd Ferðamálasamtaka Suðurlands. Þeir einir geta boðið sig fram til kjörs í stjórn Markaðsstofunnar sem eiga og/eða eru í fyrirsvari fyrir ferðapjónustufyrirtæki sem jafnframt er aðili að Markaðsstofu Suðurlands. Með fyrirsvari er til dæmis átt við stjórnarformann, framkvæmdastjóra og rekstrarstjóra eða aðra lykilstjórnendur sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins. Viðkomandi skuldbindur sig og fyrirtæki sitt til að vera aðildarfélagi að Markaðsstofu Suðurlands meðan á kjörtímabilinu stendur.

Framboð þarf að hafa borist Markaðsstofu Suðurlands að lágmarki viku fyrir aðalfund.

Heimilt er aðildarfélagi að láta umboðsmann sækja félagsfundi fyrir sína hönd, en umboðsmaður getur þó ekki farið með nema atkvæði eins aðildarfélaga auk atkvæðis þess er hann sjálfur hefur. Umboð til fundarsóknar skal vera skriflegt og ekki eldra en þriggja mánaða.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og velur hún sér formann, varaformann, ritara og gjaldkera. Stjórnin stýrir öllum málefnum Markaðsstofunnar en framkvæmdarstjóri kemur fram út á við fyrir hennar hönd. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúru umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tók á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða

ræður afgreiðslu mála. Falli atkvæði á jöfnu við afgreiðslu stjórnar skal atkvæði formanns ráða. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Núverandi 9. grein samþykkt MSS:

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Tillaga að breytingu á 9. grein samþykkt MSS:

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum og/eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Núverandi 11. grein samþykkt MSS:

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið, 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 31. mars ár hvert. Ársfund stofnunarinnar skal halda fyrir lok apríl ár hvert.

Tillaga að breytingu á 11. grein samþykkt MSS:

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið, 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur og/eða skoðunarmenn reikninga eigi síðar en 31. mars ár hvert. Ársfund stofnunarinnar skal halda fyrir lok maí ár hvert.

Stjórn samþykkir þessar breytingar á samþykktum samhljóða.

Samþykkja þarf þessar breytingartillögur á tveimur stjórnarfundum og er þetta fyrri fundurinn sem breytingar eru teknar til umræðu. Breytingatillögurnar verða lagðar fyrir stjórnarfund til formlegra samþykktar á næsta boðaða stjórnarfundum.